


Ársskýrsla mennta- og barnamálaráðherra 2021

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Ársskýrsla mennta- og barnamálaráðherra 2021 fjallar um málefni mennta- og barnamálaráðuneytisins, sem varð til 1. febrúar 2022, á árinu 2021. Þá heyrðu málefnið undir þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti og félags- og barnamálaráðuneyti.

Ársskýrsla mennta- og barnamálaráðherra

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9500 | mrn@mrn.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Ásmundur Einar Daðason
Umsjón: Mennta- og barnamálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Mennta- og barnamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Starfsemi 2021	5
Hlutverk og skipulag	6
Mannauður	7
Frumvörp og þingmál á árinu	8
Helstu verkefni 2021	9
Leik- og grunnskólar	10
Framhaldsskólar	11
Íþrótt- og æskulýðsstarf	12
Barna- og fjölskyldumál	13
COVID-19	15
Rekstur og fjárfestingar 2021	17
Rekstrargjöld og fjárfestingar	18
Útgjöld málefnasviða og -flokka, staða og frávik	19
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	21
Málaflokkar 2021	26
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	26
Markmið og aðgerðir	27
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða 2021	45



Ávarp ráðherra

Nýtt ráðuneyti mennta- og barnamála varð til 1. febrúar 2022 í samræmi við áherslur nýrrar ríkisstjórnar. Með breytingunni færðust málefni farsældar barna undir einn hatt með sameiningu barnaverndar og félagslegra úrræða við menntun barna, æskulýðs- og íþróttastarf.

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi sumarið 2021. Meginmarkmið þeirra er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Undir einu ráðuneyti er framkvæmd laganna skilvirkari og eftirfylgni auðveldari. Auk þess að bæta þjónustuna og hagræða gerir þetta okkur kleift að veita stuðning á félagslegum grunni þegar áskoranir gera vart við sig í skólum. Snemmtækur stuðningur er lykilatriði í átt að aukinni farsæld barna. Rannsóknir sína afdráttarlaust að áföll eða erfiðar aðstæður í æsku geta skert lífsgæði og velgengi einstaklinga til frambúðar.

Þannig skiptir máli að nám sé einstaklingsmiðað og sveigjanlegt. Við þurfum fjölbreyttara námsmat en t.d. samræmd próf. Nýr matsferill mun innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni fyrir grunnskólanemendur og kennara til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur.

Aðalnámskrár þurfa að taka mið af vinnuumhverfi og samfélagskröfum framtíðarinnar, þegar börnin koma á vinnumarkaðinn, en ekki eingöngu af núverandi aðstæðum. Fylgjast þarf með örrí þróun samfélagsins til að gera börnum kleift að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Einnig þarf að skapa jöfn tækifæri fyrir börn af erlendum uppruna. Félagshjónusta, skólaumhverfi, íþrótt- og æskulýðsstarf eiga saman að skapa öruggt umhverfi fyrir börn til að líða vel og skara fram úr á sínum áhuga- og hæfileikasviðum.

Afreksíþróttafólk þarf kjöraðstöðu til æfinga og keppni ef það á að hámarka sinn árangur. Nýir þjóðarleikvangar fyrir innanhússíþróttir, knattspyrnu og frjálsar íþróttir eru brýn nauðsyn og má ekki láta deigan síga í uppbyggingunni. Jafnframt er þörf á að endurskoða löggjöfina um afreksíþróttafólk til að bæta starfsumhverfi þess og tryggja að það öðlist sömu réttindi og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Það eru spennandi tímar fram undan í málefnum barna, ungmenna og íþróttafólks. Ég hlakka til samstarfsins með þeim fjölbreyttu hópum sem að málunum koma og að stuðla að aukinni farsæld, samþættingu og uppbyggingu í samfélaginu.

Starfsemi 2021



Hlutverk og skipulag

Meginhlutverk mennta- og barnamálaráðuneytisins er að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi, að gæði og framkvæmd menntunar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og í lýðskólum sé framúrskarandi og fjölbreytt námsframboð til staðar sem taki mið af áhuga nemenda og þörfum samfélagsins. Ráðuneytið leggur áherslu á að hlúa sem best að velferð barna og ungmenna og tryggja öllum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins.

Meðal málefna sem ráðuneytið fer með eru fræðslumál leik-, grunn og framhaldsskóla, listaskóla og lýðskóla, og málefni sem snerta þjónustu við nemendur, börn og ungmenni, þar með talin barnavernd og samþætting þjónustu í þeirra þágu. Mennta- og barnamálaráðuneytið fer einnig með íþróttá- og æskulýðsmál og lögverndun starfsréttinda kennara, náms- og starfsráðgjafa og bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðuneytinu er skipt í fjórar skrifstofur:

-
- **Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar**

 - **Skrifstofa greininga og fjármála**

 - **Skrifstofa gæða og eftirlits**

 - **Skrifstofa ráðuneytisstjóra og innri þjónustu**

Undirstofnanir ráðuneytisins eru Ráðgjafar- og greiningarstöð, Barna- og fjölskyldustofa, Menntamálastofnun og framhaldsskólar landsins.

Mannauður*

56

Fjöldi starfsmanna

♀ 70%

Kynjahlutfall

50 ár

Meðalaldur

91%

Háskólamenntun

10,6 ár

Meðalstarfsaldur

**Starfsfólk þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneytis og félags- og barnamálaráðuneytis sem sinnti málaflokkum núverandi mennta- og barnamálaráðuneytis.*

Frumvörp og þingmál á árinu

Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030.

- Lögð fram 12. nóvember 2020. Samþykkt 24. mars 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.)

- Lagt fram 25. febrúar 2021 og varð að lögum 11. júní 2021.
-

Breyting á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

- Lagt fram 9. mars 2021 og varð að lögum 11. júní 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (fagråd eineltismála).

- Lagt fram 7. apríl 2021 og varð að lögum 13. júní 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

- Lagt fram 14. apríl 2021 og varð að lögum 13. júní 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).

- Lagt fram 7. apríl 2021 en náði ekki fram að ganga.
-

Tillaga til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

- Lagt fram 7. október 2020 og varð að lögum nr. 13/2021, 18. mars 2021.
-

Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

- Lagt fram 30. nóvember 2020 og varð að lögum 11. júní 2021.
-

Frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

- Lagt fram 30. nóvember 2020 og varð að lögum 11. júní 2021.
-

Helstu verkefni 2021

Leik- og grunnskólar

Starfsemi ráðuneytisins á sviði leik- og grunnskóla tekur mið af því meginmarkmiði að nemendur upplifi vellíðan og öryggi í öllu skóla- og frístundastarfi. Leiðarljósið er að nemendur njóti jafna tækifæra til náms með það að markmiði að þeir búi yfir skapandi og gagnrýnni hugsun, félagsfærni og annarri hæfni á námssviðum leik- og grunnskóla.

Á árinu var mikil gróska í verkefnum ráðuneytisins tengdum þessum skólastigum og mörgum áherslu- og umbótaverkefnum hrint í framkvæmd.

Fyrsta aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu var lögð fram og samþykkt. Meðal mikilvægustu áherslusviða menntastefnunnar er að styrkja grunnmenntun, leita leiða til þess að auka vellíðan og árangur nemenda á fyrstu skólastigunum og að bæta og aðlaga þá hæfni sem samfélagið í heild sinni þarfnast til þess mæta áskorunum nútímans og framtíðarinnar. Að baki menntastefnunnar var umfangsmikið samráð og greiningarvinna sem staðið hefur yfir frá árinu 2018. Í fyrstu aðgerðaáætluninni eru 9 megináðgerðir tilgreindar en þær snerta á þeim fimm stöðum sem ný menntastefna hvílir á; jöfnum tækifærum fyrir alla, kennslu í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni. Til að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu og til að auka tækifæri til að skapa og miðla þekkingu til framþróunar og umbóta í skólastarfi var settur á laggirnar nýr Menntarannsóknasjóður og fór fyrsta úthlutun fram á árinu. Til að fylgja eftir áherslum menntastefnunnar var ráðið í tvö ný störf óháð staðsetningu í nýtt skólaþróunarteymi ráðuneytisins.

Nemendum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn hefur fjölgað hratt í leik- og grunnskólum hér á landi. Til að mæta þeirri áskorun var ýmsum umbótaverkefnum hrint í framkvæmd á árinu með það fyrir augum að bregðast við náms- og félagslegum þörfum þessara nemenda og stuðla að farsælli skólagöngu þeirra og virkni. Eitt slíkt umbótaverkefni var þróun heildstæðs matstækis sem nú er aðgengilegt skólum og öllum áhugasömum á vef Menntamálastofnunar á íslensku og um 40 öðrum tungumálum. Þá voru gerðar umfangsmiklar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla með það að markmiði að tryggja börnum með annað tungumál en íslensku og öðrum fjöltungudum börnum menntun sem undirbýr þau undir virka þátttöku í samfélaginu og nám á öðrum skólastigum.

Menntun kennara og starfsþróun hefur verið áhersluverkefni ráðuneytisins og var unnið að mörgum mikilvægum verkefnum á árinu. Stórátak var unnið í starfsþróunartækifærum kennara og annars fagfólks í menntakerfinu með þróun nýrra starfsþróunarnámskeiða undir heitinu Menntaflétta. Með Menntafléttu hefur aðgengi að fjölbreyttri starfsþróun verið aukið og henta námskeiðin þátttakendum vel um allt land. Unnið var ötullega að fjölgun starfandi kennara en áðgerðir sem miða að því hafa þegar skilað mjög góðum árangri. Áfram voru veittir hvatningarstyrkir til kennaranema og starfandi kennara sem sérhæfa sig í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf. Einnig hefur launað starfsnám staðið kennaranemum áfram til boða.



Framhaldsskólar

Starfsemi ráðuneytisins á sviði framhaldsskóla tekur mið af því meginmarkmiði að til staðar sé öflugt og sveigjanlegt menntakerfi sem veiti framúrskarandi menntun og stuðli að jöfnum tækifærum til náms. Jafnframt að starfsnám verði eftt með það að leiðarljósi að færni þróist í takt við þarfir samfélagsins og áskoranir fjórðu iðnbýltingarinnar.


Á árinu var mikil gróska í verkefnum ráðuneytisins á framhaldsskólastiginu og mörgum áherslu- og umbótaverkefnum hrint í framkvæmd.

Framhaldsskólakerfið er fjölbreytt og bregst við þörfum og áhugasviði ólíkra nemendahópa á breiðu aldursbili, en 60% nemenda framhaldsskóla eru yfir 18 ára aldri. Áhersla hefur verið lögð á að minnka brotthvarf úr framhaldsskóla en brotthvarf endurspeglar að einhverju leyti hvernig meginmarkmið hér að ofan hafa til tekist. Tvenns konar mælingar eru viðhafðar, þ.e. hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára og hlutfall nýnema sem hverfa brott úr námi innan fjögurra ára frá innritun. Árangur árið 2021 var í báðum tilfellum töluvert betri en sett markmið. Alls luku 60% í stað 54% námi innan fjögurra ára og 23% hurfu brott úr námi í stað 26%. Jafnframt hefur ráðuneytið undanfarin ár mælt brotthvarf nýnema á fyrsta ári í framhaldsskóla en sá mælikvarði auðveldar skólum og skólayfirvöldum að fylgjast með þróun brotthvarfs m.a. eftir skólum og nemendahópum. Brotthvarf nýnema hefur farið minnkandi og var um 4,5% fyrir skólaárið 2021. Sams konar brotthvarf var rúm 7% skólaárið 2016-17. Ráðuneytið hefur veitt margvíslegan stuðning til að vinna gegn brotthvarfi. Má þar nefna sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu, samstarf við heilbrigðisráðuneytið um að efla þjónustu heilsugæslu við framhaldsskóla sérstaklega hvað varðar geðheilbrigði og árleg kynning á niðurstöðum brotthvarfsmælinga fyrir skólameistara framhaldsskóla. Stuðningur við nemendur hefur þannig aukist sem m.a. má sjá í fjölgun þeirra sem útskrifast úr framhaldsskólum. Bent er á að verkefnið í heild er mikilvægur þáttur í að hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Áhersla hefur verið lögð á eflingu starfsmenntunar. Aðgengi starfs- og tæknimenntaðra að háskólanámi var bætt með því að breyta inntökuskilyrðum í lögum um háskóla. Skilgreind voru hæfniviðmið nemenda í öllum starfaflokkum í samstarfi við atvinnulífið undir ritstjórn Menntamálastofnunar. Það verkefni er ein af forsendum útgáfu og innleiðingar rafrænnar ferilbókar sem ætlað er bæta gæði vinnustaðanáms. Eftir mikið samráð við hagaðila á árinu var gefin út ný reglugerð nr. 180/2021 um vinnustaðanám sem tók gildi 1. ágúst 2021. Með reglugerðinni voru boðaðar veigamiklar breytingar á vinnustaðanámi starfsnámsnema. Fram að þessu höfðu neman í starfsnámi verið sjálfir ábyrgir fyrir því að komast á námssamning. Með nýju reglugerðinni færðist ábyrgðin á þessum námsþætti frá nemanum og yfir á skólana sjálfa. Skilgreindir hafa verið hæfnipættir fyrir hverja námsgrein í rafræna ferilbók og er nú horft til hæfni nemans við ákvörðun um lengd vinnustaðanáms en áður var skilgreindur viknafjöldi fyrir hverja grein.

Skólahúsnæði framhaldsskóla, sér í lagi starfsmenntaskóla, kallar sífellt eftir þróun og breytingum. Kröfur tímans breytast og metnaðarfullir stjórnendur vilja eðli máls samkvæmt sífellt bæta við þjónustuna. Tæknilegir möguleikar, nemendapróun, byggðasjónarmið og samlegðaráhrif eru dæmi um þætti sem leggja þarf mat á í þessum efnunum. Unnið var að því að greina húsnæðisþörf fyrir iðn- og tæknimenntun á Íslandi og kom skýrsla út þess efnis í febrúar 2021. Í framhaldi hófst skoðun á húsnæðismálum Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Tækniskólans, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Ísafirði. Árið 2021 var undirrituð yfirlýsing ráðherra og borgarstjóra um að hefja samstarf í húsnæðismálum MR og var veitt heimild til að hefja áætlunargerð hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

Í tengslum við það markmið að efla gæði menntunar var unnið að staðfestingu námsbrautalýsinga og unnið að kostnaðargreiningu náms og kennslu námsbrauta í framhaldsskóla.





Íþróttá- og æskulýðsstarf

Reynslan af störfum Samskiptaráðgjafa í íþróttá- og æskulýðsstarfi sýnir að þörf er á þjónustunni og að bæði iðkendur og íþróttafélög nýta sér þennan vettvang í auknum mæli við úrlausn mála sem tengjast áreitni, ofbeldi, einelti og samskiptavanda í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Tilkynningum hefur fjölgað og sömuleiðis beiðnum um leiðsögn við gerð viðbragðsáætlana innan félaganna.

Starfshópur um Þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir tók til starfa á árinu og skilaði hópurinn tillögum í september.

Gerður var í fyrsta sinn samningur við Samfés, samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Markmið samningsins er að auka samstarf um verkefni sem tengjast lýðræðislegri þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku á landsvísi.

Viljayfirlýsing með Menntavísindasviði Háskóla Íslands var undirrituð um framkvæmd æskulýðsrannsóknna. Rannsóknirnar ná til barna og ungmenna á aldrinum 9 – 25 ára og verða gögnin gerð aðgengileg til frekari greiningar.

Þemahefti *Frístundaheimili – leikur og nám á forsendum barna* kom út en þegar hafa verið gefin út viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum. Leiðarljós íslenskra frístundaheimila er að bjóða börnum upp á þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómsundastarfi með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra.

Barna- og fjölskyldumál

Frá árinu 2018 hefur verið unnið að breytingum í þágu barna í samvinnu við þingmannanefnd um málefni barna, með fulltrúum allra þingflokka, og stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna. Niðurstöður víðtæks samráðs við sveitarfélög, hagsmunasamtök, fagfólk, börn og fjölskyldur endurspegluðu skýran vilja um auknið þverfaglegt samstarf innan þeirra kerfa sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu.

Ein afurða þessarar vinnu, frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, varð að lögum á Alþingi í júní 2021. Löggjöfin byggir á víðtækri skilgreiningu á hugtakinu farsældarþjónusta sem er nýtt yfirheiti yfir þjónustu ríkis og sveitarfélaga sem á þátt í að efla farsæld barns. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana. Ákvæði laganna miða að því að formfesta samstarf um veitingu þjónustu í þágu farsældar barna og skapa skilyrði til að unnt sé að bregðast við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns um leið og þörf fyrir stuðning vaknar.

Samhliða voru samþykkt lög um breytingar á skipulagi stofnana sem koma að málefnum barna sem og breytingar á barnaverndarlögum. Um er að ræða ný lög um Barna- og fjölskyldustofu, nr. 87/2021, breytingar á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nr. 83/2003, sem heitir nú Ráðgjafar- og greiningarstöð, sbr. lög nr. 85/2021 og breytingar á gildandi barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Þessar breytingar eru fyrri hluti heildarendurskoðunar barnaverndarlaga. Endurskoðunin byggði á vinnu starfshóps skipuðum af ráðherra sem var falið að skoða sérstaklega


barnavernd innan sveitarfélaga og miðaði að því að auka áherslu á fagþekkingu í barnavernd. Í stað barnaverndarnefnda munu sveitarfélög starfrækja barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar.

Í september 2021 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, samstarfssamning um að Háskóli Íslands setji á laggirnar tvær tíma-bundnar lektorsstöður við Félagsráðgjafardeild skólans til þriggja ára til að efla kennslu og rannsóknir vegna nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Unnið var að þróun mælaborðs um farsæld barna sem er mikilvægur hluti yfirstandandi breytinga í þágu barna. Markmið þess er að draga fram heildstæða mynd af farsæld barna hér á landi, þvert á þjónustukerfi, á grundvelli þeirra fjölþættu tölfræðigagna sem til staðar eru. Er þar horft til þess að safna tölfræðigögnum um ólík málefni og hópa barna og tryggja að ríki og sveitarfélög hafi yfirlit yfir þætti er varða farsæld barna hér á landi, yfirlit sem byggir á nýlegum og aðgengilegum gögnum. Markmið mælaborðsins er enn fremur að tryggja að þau tölfræðigögn sem til eru séu nýtt með markvissum hætti við lagasetningu, stefnumótun og mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila. Sérstakur stýrihópur verkefnisins hefur starfað síðan 2020 og hefur unnið að því að meta hvaða forsendur þurfi að liggja fyrir til að hægt sé að meta farsæld barna og hvernig framsetning tölfræði og upplýsinga eigi að vera.

Í júní 2021 samþykkti Alþingi þingsályktun um Barnvænt Ísland – framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Markmiðið er





að tryggja heildstæða innleiðingu Barnasáttmálans og að hann sé rauður þráður í stefnumótun og aðgerðum stjórnvalda. Aðgerðir þær sem tilgreindar eru í þingsályktuninni byggja m.a. á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda um innleiðingu Barnasáttmálans, almennum athugasemdum nefndarinnar um innleiðingu sáttmálans og víðtæku samráði. Aðgerðirnar varða alla aðila sem fara með stefnumótun, framkvæmdaaðila þjónustu og þá sem taka ákvarðanir sem varða börn, hvort sem er innan ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga.

Á árinu bættust fleiri sveitarfélög við í verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Verkefnið styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi og byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative (CFCI).

COVID-19

Takmarkanir heilbrigðisfyrivalda vegna heimsfaraldurs COVID-19 settu mark sitt á skóla-, íþrótta- og frístundastarf. Í flestum tilfellum var um að ræða fjöldatakmarkanir, fjarlægðarreglu og grímuskyldu.

Gefinn var út fjöldi reglugerða til að fylgja eftir fyrirmælum um viðbrögð við heimsfaraldrinum, jafnframt því sem birtar voru auglýsingar og frekari leiðbeiningar ásamt svörum við spurningum um helstu álitamál. Því yngri sem börn voru, því minni takmarkanir giltu um skóla- og frístundastarf þeirra.

Þrátt fyrir að leiðarljósið í ákvörðunartöku um sóttvarnaráðstafanir hafi ávallt falist í því að tryggja velferð, menntun og öryggi barna og ungmenna, kennara og annars starfsfólks sem kemur að lífi barna, hafa áhrifin á börn verið umfangsmikil og snert flesta þætti daglegs lífs þeirra. Áherflan var þó ávallt á að halda skólastarfi á öllum skólastigum eins eðlilegu og kostur var og tókst það betur en í mörgum nágrannaríkjum.

Haldnir voru reglulegir samráðsfundir milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, sóttvarnaryfirvalda og hagsmunaaðila skólamála þar sem farið var yfir helstu áskoranir og leitað lausna til að draga úr áhrifum á börn, ungmenni og starfsfólk skóla.

Könnun á námi og líðan framhaldsskólanema

Könnun var unnin af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hún var lögð fyrir í nóvember 2020 en á þeim tíma voru flestir framhaldsskólanemar

í fjarnámi og höfðu verið í nokkrar vikur. Könnunin var send til 2.500 nemenda, slembiúrtaks úr nemendaskráum framhaldsskólanna á aldrinum 16–30 ára. Alls svöruðu 1.539 spurningalistanum í könnuninni og var svarhlutfall rúm 62%.

Niðurstöður könnunar voru birtar í febrúar 2021. Helstu niðurstöður voru þær að meirihluti nemenda var ánægður með viðbrögð framhaldsskólanna við COVID-19 og upplifði sig öruggan í skólanum. Um 61% nemenda tilgreindu að faraldurinn og sóttvarnareglur hefðu haft slæm áhrif á félagslíf og talið var að um 4% nemenda eigi í verulegum erfiðleikum vegna þunglyndis. Um 22% nemenda sögðu að þeim líði vel í fjarnámi, en 40% nemenda að þeim líði illa. Alls 37% nemenda tilgreindu að fjarnám hefði ekki áhrif á líðan þeirra. Algengara er að stúlkum líði vel í fjarnámi (26% stúlkna svaraði því til en 19% stráka).

Sumarnám í framhaldsskólum

Sumarið 2021 var ákveðið að veita í annað sinn fé til þess að bjóða upp á sumarnám á framhaldsskólastigi. Nám á sumarönn var sniðið bæði að nemendum og einstaklingum á atvinnuleysisbótum.

Verkefninu var ætlað að koma til móts við aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19. Markmiðið var að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks og virkni því fyrirséð var að hefðbundin sumarstörf nemenda í framhaldsskólum yrðu af skornum skammti. Óskað var eftir umsóknum frá framhaldsskólum og viðurkenndum einkaskólum á framhaldsskólastigi um að bjóða nemendum sértæk námsúrræði sumarið 2021.





Markhóparnir voru nemendur í framhaldsskólum, nýútskrifaðir nemendur úr grunnskólum, nemendur með annað móðurmál en íslensku sem vildu auka hæfni sína í íslensku og einstaklingar sem vildu styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang.

Ráðuneytið veitti um 60 m.kr. til sumarnáms í 10 framhaldsskólum sumarið 2021 þar sem 701 nemandi tók þátt í 49 áföngum. Áfangarnir voru fjölbreyttir list-, verk- og bóknámsáfangar.

Íþróttá- og tómstundastarf

Íþróttá- og tómstundastarf litaðist mikið af heimsfaraldri kórónuveiru en reynt var eftir fremsta megni að halda starfinu gangandi. Veittur var stuðningur til íþróttá- og æskulýðsfélaga þar sem starfsemin var skert vegna sóttvarnaaðgerða. Sérstakur íþróttá- og tómstundastyrkur var veittur fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum, til viðbótar hefðbundnum íþróttá- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga, þar sem markmiðið var að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi.

Börn í viðkvæmri stöðu

Stutt var sérstaklega við félagsstarf fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Jafnframt var veittur styrkur til sveitarfélaga í þeim tilgangi að efla frístundastarf 12–16 ára barna í viðkvæmri stöðu.

Rekstur og fjárfestingar 2021

Rekstur og fjárfestingar


Verkefni mennta- og barnamálaráðuneytis heyrðu undir alls fjögur mál-efnasvið á árinu 2021. Um er að ræða eftirfarandi málefnasvið:

- **18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál, málaflokkur 18.40 Íþróttar og æskulýðsmál.**
- **20 Framhaldsskólastig, málaflokkar 20.10 Framhaldsskólar, 20.20 Tónlistarfræðsla, 20.30 Vinnustaðanáms og styrkir og 20.40 Jöfnun námskostnaðar.**
- **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála, málaflokkar 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig og 22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.**
- **29 Fjölskyldumál, málaflokkar 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn og 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna.**

Rekstrargjöld og fjárfestingar

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrargjöld og fjárfestingar



Yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir mennta- og barnamálaráðherra

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang mennta- og barnamálaráðuneytisins skipt eftir málefnasviðum. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu. Framhaldsskólastig var umfangsmesta málefnasviðið í starfsemi ráðuneytisins ef horft er til útgjalda. Um 85,9% af heildarútgjöldum ráðuneytisins fóru til framhaldsskólastigsins. Útgjöld annarra skólastiga og stjórnsýslu mennta- og barnamála voru 6,1% af heildarútgjöldum og hlutur fjölskyldumála var 5,2%. Loks var hlutur íþróttar og æskulýðsmála 2,8% af heildarútgjöldum málefnasviða ráðuneytisins.

Útgjöld málefna sviða og -flokka, staða og frávik

Upplýsingar sem hér fara á eftir sýna rekstrarniðurstöðu málaflokka, bæði innan ársins 2021 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í töflu 1 er að finna rekstrarútgjöld að undanskildum útgjöldum vegna fjárfestinga. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld eða ráðstafað á árinu, þ.e. gjöld að frádregnum sértekjum sem stofnanir afla sér. Í næsta dálki eru til samanburðar sýnd áætluð útgjöld ársins en fjárveitingar taka mið af þeim áætlunum sem stofnanirnar leggja fram. Síðan er sýnt frávik raungjalda frá áætlun og hversu stórt frávik það er hlutfallslega. Næstu tveir dálkar sýna stöðu fjárheimilda frá fyrra ári og hlutfall þeirra af raunútgjöldum yfirstandandi árs.

Tafla 1. Rekstur án fjárfestinga – málefna svið sundurliðuð niður á málaflokka

Málefna svið	Raun	Áætlun	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Uppsafnað frávik %
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	1.221,7	1.323,9	102,2	7,7%	20,1	122,3	9,1%
1840 - Íþróttar- og æskulýðsmál	1.221,7	1.323,9	102,2	7,7%	20,1	122,3	9,1%
20 Framhaldsskólastig	37.593,8	37.691,4	97,6	0,3%	1.562,8	1.660,4	4,2%
2010 - Framhaldsskólar	36.224,2	36.313,3	89,1	0,2%	1.559,0	1.648,1	4,4%
2020 - Tónlistarfræðsla	590,1	590,1	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
2030 - Vinnustaðanáam og styrkir	242,7	242,6	-0,1	0,0%	3,7	3,6	1,5%
2040 - Jöfnun námskostnaðar	536,8	545,4	8,6	1,6%	0,0	8,6	1,6%
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála	2.645,8	2.641,3	-4,5	-0,2%	48,1	43,6	1,6%
2210 - Leikskóla- og grunnskólastig	495,4	495,0	-0,4	-0,1%	1,6	1,2	0,2%
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	1,9	2,1	0,2	10,2%	0,2	0,4	18,7%
2230 - Stjórnsýsla mennta- og menningarmála	2.148,5	2.144,2	-4,3	-0,2%	46,3	42,0	1,9%
29 Fjölskyldumál	2.285,4	2.289,8	4,4	0,2%	213,9	218,3	8,7%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	2.285,4	2.289,8	4,4	0,2%	213,9	218,3	8,7%
Samtals	43.746,7	43.946,3	199,6	0,5%	1.844,9	2.044,6	4,5%

Fjárhæðir í milljónum króna

Heildarútgjöld fyrir árið 2021 voru 43,7 ma.kr. Rekstrarfjárheimildir á tímabilinu voru alls 43,9 ma.kr. sem þýðir að staða rekstrarfjárheimilda á tímabilinu var jákvæð um 0,2 ma.kr. eða um 0,5% af útgjaldaheimildum. Heildarstaða rekstrarfjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins 2021 auk stöðu fjárveitinga frá fyrra ári er jákvæð á öllum málefnasviðum.

Samanlögð staða fjárveitinga frá árinu 2021 var jákvæð um 0,2 ma.kr. Heildarstaða fjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins og fjárveitinga frá fyrri árum var jákvæð um 2 ma.kr. Af 30 stofnunum ráðuneytisins voru 18 þeirra með jákvæða stöðu fjárveitinga um áramótin.

Tafla 2. Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka

Málaflokkar	Fjárheimild	Heimild frá fyrra ári	Fjárfesting	Staða í árslok
20 Framhaldsskólastig	702,9	1.268,4	-411,7	1.559,7
2010 - Framhaldsskólar	702,9	1.268,4	-411,7	1.559,7
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	18,3	26,3	-38,1	6,5
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	-2,1	2,1		0,0
2230 - Stjórnýsla mennta- og menningarmála	20,4	24,2	-38,1	6,5
29 Fjölskyldumál	226,8	587,0	-11,4	802,3
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	226,8	587,0	-11,4	802,3
Samtals	948,0	1.881,7	-461,2	2.368,5

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 2 sýnir fjárfestingarframlög í m.kr., bæði innan ársins 2021 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í fyrsta dálki er fjárheimild ársins. Í öðrum dálki eru ónýttar fjárheimildir frá fyrra

ári. Í þriðja dálki eru raunútgjöld ársins. Loks sést í fjórða dálki hverju er óráðstafað í árslok.

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila


Alls voru 52 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2021. Þar af voru 30 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 22. Verkefni þeirra liða skiptast á 9 málaflokka á fjórum málefnasviðum.

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð nánari grein fyrir frávikum einstakra liða eftir því sem ástæða er til. Myndirnar sýna stöðu fjárlagaliða eftir árið, að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrra ári. Ef frávik er innan 4% af rekstri þá er yfirléitt ekki talin ástæða til sérstakra skýringa því ýmsar eðlilegar ástæður geta verið á frávikum af slíkri stærðargráðu. Hafa verður í huga að tölur sem gefnar eru upp í krónum gefa ekki endilega rétta mynd af stöðu liðanna vegna þess að reksturinn er mjög mismunandi að umfangi.

Málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál tilheyrir alls þrjár útgreiðsluliðir og einn varasjóður eða alls fjórir liðir. Á öllum liðum nema einum er afgangur eftir árið. Málefnasviðið er 122,3 m.kr. undir heimildum ársins 2021.

Staða fjárheimilda á verkefna-liði íþróttamála er jákvæð vegna þess að ekki var lokið við að ráðstafa fjármagni sem veitt var í fjárlögum 2021 til koma til móts við tekjutap íþróttar- og æskulýðsfélaga fyrr en í ársbyrjun 2022.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál



Fjárhæðir í milljónum króna


Málefnasviði 20 Framhaldsskólastig tilheyra 27 stofnanir, 10 útgreiðslu-liðir og einn varasjóður, eða samtals 38 liðir. Málefnasviðið er 1.660,4 m.kr. undir heimildum ársins 2021.

Á málefnasviðinu eru 27 opinberir framhaldsskólar og rekstur þeirra flestra er í góðu jafnvægi.

Stærsta einstaka skýringin á jákvæðri stöðu fjárheimilda er vegna uppsafnaðrar stöðu á stofnkostnaðarlið málefnasviðsins, en fyrir dyrum standa ýmsar framkvæmdir við húsnæði framhaldsskólanna. Þrír framhaldsskólar eru með neikvæða stöðu fjárheimilda umfram 4% en átta eru með neikvæða stöðu undir 4%. Komið var til móts við neikvæða fjárheimildastöðu þriggja skóla á árinu með sérstöku framlagi úr varasjóði málaflokksins. Nánar er fjallað um það í kaflanum um varasjóði.


Alls eru tólf skólar með jákvæða stöðu fjárheimilda umfram 4%.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 20 Framhaldsskólastig



Fjárhæðir í milljónum króna

Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 20 Framhaldsskólastig




Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála tilheyra ein stofnun, aðalskrifstofa ráðuneytisins, 6 útgreiðsluliðir og einn varasjóður, alls 8 liðir. Málefnasviðið er 43,6 m.kr. undir fjárheimildum ársins.

Stærsta skýringin á jákvæðri stöðu fjárheimilda er vegna uppsafnaðar stöðu á aðalskrifstofu ráðuneytisins, en fyrir dyrum hafa staðið umfangsmiklar breytingar á húsnæðismálum skrifstofunnar.

Staða fjárheimilda Menntamálastofnunar var neikvæð í árslok, en komið var til móts við hana með framlagi úr varasjóði málaflokksins eins og fram kemur í kaflanum um varasjóði.

Uppsöfnuð frávík frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála




Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasviði 29 Fjölskyldumál tilheyra tvær stofnanir mennta- og barnamálaráðuneytinu. Sá hluti málefnasviðsins er 218,3 m.kr. undir fjárheimildum ársins.

Staða fjárheimilda Barna- og fjölskyldustofu er jákvæð vegna breytinga á fyrirkomulagi meðferðarheimilis. Framkvæmdir við nýtt úrræði hafa tafist. Staða fjárheimilda Greiningar- og ráðgjafarstöðvar er jákvæð þar sem ekki var lokið að ráðstafa aukaframlagi á fjáraukalögum til að vinna á biðlistum fyrr en á árinu 2022.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 29 Fjölskyldumál



Fjárhæðir í milljónum króna

Málaflokkar 2021

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem mennta- og barnamálaráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem fram koma markmið úr fjármálaáætlun 2021-2025.

Í fjárlögum 2021 var alls 31 aðgerð skilgreind til framkvæmda í mennta- og barnamálaráðuneytinu, sumar þeirra ná yfir eitthvert árabíl. Af þeim tókst að ljúka eða hefja vinnslu á 26 aðgerðarhlutum sem fara átti í á árinu 2021. Tveir aðgerðarhlutar ársins 2021 voru í undirbúningi en þrír voru ekki hafnir.

Frá því fjárlög 2021 voru samþykkt á Alþingi hafa sum markmið og mælikvarðar breyst, eftir atvikum. Breytingarnar má sjá í greinargerðum með fjármálaáætlunum 2021-2025 og 2023-2027 og fjárlögum 2021.

Yfirlit um stöðu aðgerða á hverju málefnasviði er birt í upphafi umfjöllunar um viðkomandi málefnasvið, þ.e. staða aðgerða miðað við fjárlög 2021.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2021

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál				3	1	4
20.1 Framhaldsskólar	1	2	2		7	12
20.2 Tónlistarfræðsla	1					1
20.3 Vinnustaðanáms og styrkir	1					1
20.4 Jöfnun Námskostnaðar	1					1
22.1 Leikskóla- og grunnskólastig	1		3		4	8
29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn		2	1		1	4
Samtals aðgerðir	2	3	4	9	13	31

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Markmið og aðgerðir

Íþróttá- og æskulýðsmál Málefna svið 18.4

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.4 Íþróttá- og æskulýðsmál.

Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi og gæta um leið að jafnrétti kynja og minnihlutahópa.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2020
Fjöldi og hlutfall skráðra iðkenda í skipulögðu íþróttastarfi af mannfjölda.	104.042 <i>Karlar:</i> 62.223 <i>Konur:</i> 41.819 29,1% af mannfjölda	109.244 <i>Karlar:</i> 65.546 <i>Konur:</i> 43.697 29,9% af mannfjölda	106.732 <i>Karlar:</i> 63.384 <i>Konur:</i> 43.348 28,9% af mannfjölda
Fjöldi iðkenda 16 ára.*	2.430 <i>Karlar:</i> 1.344 <i>Konur:</i> 1.094 57% af mannfjölda 2019 (karlar 63%, konur 52%)	2.600 <i>Karlar:</i> 1.420 <i>Konur:</i> 1.180	2.566 <i>Karlar:</i> 1.441 <i>Konur:</i> 1.125
Fjöldi iðkenda í skipulögðu starfi æskulýðsfélaga á aldrinum 6–18 ára af mannfjölda á þeim aldri.	9,7%	11%	10,4%
Hlutfall af fjölda þátttakenda á námskeiðum og sumarbúðum á aldrinum 6–18 ára.	10,6%	12%	11,8%
Fjöldi þátttakenda í leiðtogaþjálfun æskulýðsfélaga.	2.680	2.900	1.616

*Nýr mælikvarði til þess að fylgjast með brottfalli úr íþróttum.

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2021, á málefnasviðinu.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál	● 3 ● 1	4

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Í fjárlögum ársins 2021 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að gera öllum landsmönnum, konum og körlum, kleift að taka þátt eftir áhugasviði hvers og eins og efla lífsgæði fólks.

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Þjóðarleikvangar. A. Undirbúningur vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu. B. Undirbúningur vegna þjóðarleikvangs fyrir inniþróttir.	2020-2025	● A. Næsta skref er markaðskönnun. B. Starfshópur um innanhúsiþróttir skilaði í lok árs 2020 og árið 2021 var unnið úr tillögum.
Börn með annað móðurmál en íslensku. A. Fylgjast með þátttöku þeirra í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Spurningalistar í rannsóknunum Ungt fólk verða lagðir fyrir á fjórum tungumálum auk íslensku. B. Setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi. C. Efla íþróttasjóð og æskulýðssjóð með áherslu á aukna þátttöku þessa hóps.	2020-2024	● A. Ráðuneytið hefur undirritað viljayfirlýsingu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um fyrirlagnir á æskulýðsrannsóknnum. Fylgst er sérstaklega með þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna. B. Í samningum er lögð áhersla á þátttöku sem flestra, sérstök áhersla er á þátttöku barna og ungmenni í jaðarhópum. C. Framlag til íþróttasjóðs hefur hækkað lítillega.
Stefna í æskulýðsmálum. Móta stefnu í æskulýðsmálum.	2019-2021	● Vinna við stefnu og aðgerðaáætlun lokið.

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2020
Meðaltal íþróttamanna á Ólympíuleikum og lokamótum alþjóðlegra stórmóta á þriggja ára tímabili.	Alls: 197 Karlur: 121 Konur: 76 Tölur 2017-2019	Alls: 204 Karlur: 124 Konur: 80 Tölur 2019-2021	Alls: 137 Karlur: 87 Konur: 50 Tölur 2018-2020

Aðgerðarhluti 2021**Tímaáætlun****Framkvæmt 2021**

Hagræðing úrslita. Þróun samstarfsvettvangs gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins.

2020-2024

● Samráðsvettvangur er til staðar en frekari framþróun á eftir að eiga sér stað.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Framhaldsskólastig Málefnasvið 20

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2021, á málefnasviðinu.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
20.1 Framhaldsskólar	● 1 ● 2 ● 2 ● 7	12
20.2 Tónlistarfræðsla	● 1	1
20.3 Vinnustaðanám og styrkir	● 1	1
20.4 Jöfnun námskostnaðar	● 1	1

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

20.1 Framhaldsskólar

Í fjárlögum ársins 2021 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 20.1 Framhaldsskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að fleiri og yngri nemendur ljúki starfsnámi sem skili þeim vel undirbúnum undir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og áframhaldandi nám.

Markmið 1: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og að kynjadreifing verði jafnari.

Mælikvarðar	Staða 2017/2018	Víðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi staðfesta starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniprepi, flokkaður í 11 starfssvið.	<i>Alls:</i> 4,5:10 <i>Karlar:</i> 6,9:10 <i>Konur:</i> 2,7:10 Tölur 2018	<i>Alls:</i> 5,0:10 á landsvísu	<i>Alls:</i> 5,1:10 <i>Karlar:</i> 7,4:10 <i>Konur:</i> 3,3:10

Mælikvarðar	Staða 2017/2018	Viðmið 2021	Árangur 2021
Hlutfall brautskráðra nemenda í starfsnámi samanborið við nemendur í námi til Stúdentsprófs.	<p>Alls: 5,6:10</p> <p>Karlar: 7,2:10</p> <p>Konur: 4,5:10</p> <p>Tölur 2017</p>	Alls: 7,8:10 á landsvísu	<p>Alls: 5,7:10</p> <p>Karlar: 8,0:10</p> <p>Konur: 4,2:10</p> <p>Tölur 2020</p>

Aðgerðarluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Aðgengi. Bæta aðgengi að starfs- og tækninámi á landsbyggðinni.	2019-2021	● Skýrsla liggur fyrir.
Húsnæðisþörf. Greina húsnæðisþörf fyrir iðn- og tæknimenntun á Íslandi með það að markmiði að efla námið.	2020-2021	● Skýrsla kom út í febrúar 2021.
Aðgengi að háskólanámi. Bæta aðgengi starfs- og tæknimenntaðra að háskólanámi.	2019-2021	● Breyting var gerð á lögum um háskóla nr. 63/2006 um inntökuskilyrði úr framhaldsskóla í háskóla. Núna stendur að standast þurfi lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi.
Fræðsla um verk-, tækni- og listgreinar. Vinna að samstilltum aðgerðum ráðuneytis, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um meiri kynningu, náms- og starfsráðgjöf og framkvæmd kennslu í verk-, tækni- og listgreinum í grunnskólum.	2017-2024	● 25. febrúar 2020 skrifaði ráðherra undir samkomulag við Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga um markvissar aðgerðir í samstarfi við atvinnulífið, skólasamfélagið og sveitarfélögin í þeim tilgangi að fjölga nemendum í starfsnámi. Þessum áherslum hefur ráðuneytið svo fylgt eftir árið 2021 í samvinnu við atvinnulífið. Samkomutakmarkanir höfðu þó talsverð áhrif á verkefnið.
Hæfniviðmið. Semja og færa hæfniviðmið nemenda í öllum starfaflokkum inn í rafrænar ferillbækur, í samstarfi við atvinnulífið. Aðgerðin styður við námsframvindu nemenda í skóla og í starfsþjálfun á vinnustað.	2020-2022	● Það liggja fyrir rafrænar ferillbækur fyrir 28 starfsgreinar.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2021
Hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum (af ISCED3).	Alls: 54,1% Karlur: 45,6% Konur: 63,0% Tölur 2017	Alls: ≥54%	Alls: 60% Karlur: 51,4% Konur: 68,3% Tölur 2019
Hlutfall nýnema sem hverfa brott úr námi innan fjögurra ára frá innritun.	Alls: 25,3% Karlur: 29,4% Konur: 21,2% Tölur 2017	Alls: ≤26%	Alls: 23,0% Karlur: 28,6% Konur: 17,6% Tölur 2019
Námstími á námsleiðum til stúdentsprófs. Hlutfall stúdentsbrautnema sem útskrifast á ≤3 árum.	Alls: 55,1% Karlur: 46,4% Konur: 61,4% Tölur 2016–2019	Alls: 60%	Alls: 56,5% Karlur: 51,5% Konur: 59,9% Tölur 2017–2020

Aðgerðarhluti 2021**Tímaáætlun****Framkvæmt 2021**

Brotthvarfshætta. Sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.	2019-2021	● Fjármagni er deilt út til framhaldsskóla vegna nemenda sem eru með slakan árangur í íslensku og/eða stærðfræði við lok grunnskóla.
Betri líðan. Stuðningur við verkefni sem stuðla að bættri líðan nemenda í framhaldsskólum.	2021	● 50 m.kr. veitt til HRN til eflingar þjónustu heilsugæslu við framhaldsskóla til nýtingar á árinu 2022.
Mæling brotthvarfs. Árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla mælt og kynnt skólastjórnendum	2018-2021	● Hlutfall nýnema í framhaldsskólum sem hverfur brott úr námi fyrsta skólaárið mælt og kynnt fyrir skólastjórnendum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi staðfesta starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniprepi, flokkaður í 12 starfssvið.	74 staðfestar á tíu starfssviðum.	Allar staðfestar á öllum starfssviðum.	Verkefni lokið.
Fjöldi virkra rafrænna ferilbóka í starfsnámi.	0	Að minnsta kosti tíu.	28 virkar rafrænar ferilbækur.
Kynjagreint hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta, yngri en 25.	Alls: 86,1% Karlur: 81,8% Konur: 89,3% Tölur 2017	Alls: 87%	Alls: 88%

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Bætt aðstaða. Bætt aðstaða fyrir nemendur framhaldsskóla. Framkvæmdir hefjist við húsnæði Menntaskólans í Reykjavík. Undirbúningur að viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti.	2021	● Yfirlýsing ráðherra og borgarstjóra undirrituð um að hefja samstarf í húsnæðismálum MR. Heimild hefur verið veitt til að hefja áætlunargerð hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.
Ytra mat. Undirbúningur og gagnasöfnun vegna endurskoðunar ytra mats.	2020-2023	● Unnið var í samvinnu við Menntamálastofnun að úrbótatillögum. Niðurstöður liggja ekki fyrir.
Reiknilíkan. Þróa áfram og innleiða reiknilíkan.	2017-2022	● Greining var gerð á kostnaði við nám og kennslu námsbrauta framhaldsskóla og röðun þeirra í verðflokk. Sömuleiðis var gerð könnun á starfsemi, umfangi og skipulagi starfsbrauta fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum.
Þróun náms. Auðvelda þróun náms með einföldun staðfestingarferlis námsbrautalýsinga og yfirfara viðurkenningarferli einkaskóla með endurskoðun á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.	2020-2024	● Endurskoðun laga hafin.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

20.2 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögnum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfærleik og mið- og framhaldsstigi í söng.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarhluti 2021

Tímaáætlun

Framkvæmt 2021

Lagaumhverfi tónlistarskóla. Skoðað verður lagaumhverfi tónlistarskóla og endurskoðun eða breyting á aðalnámskrá tónlistarskóla og eins skoðað hvort að ástæða sé til að setja heildstæð lög um listkennslu.

2020-2022

● Verkefnið ekki hafið.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Áhersla er lögð á að úthlutanir úr sjóðnum stuðli að fleira sérhæfðu starfsfólki á vinnumarkaði og samkeppnishæfara atvinnulífi. Stefnt er að því að skoða starfsemi og úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði, m.a. með gagnsæi í huga.

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana á vinnustað.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarhluti 2021

Tímaáætlun

Framkvæmt 2021

Starfsemi og úthlutun vinnustaðasjóðs. Niðurstöður úttektar á starfsemi og úthlutunum úr Vinnustaðasjóði fylgt eftir. (Sjá málaflokk 20.1 Framhaldsskólar)

2020-2022

● Ný stjórn vinnustaðanámssjóðs var skipuð haustið 2021 og vinnur að breytingum á úthlutunarreglum, m.a. er til skoðunar að úthlutunarreglur styðji betur við nýja reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021. Niðurstöður liggja ekki fyrir.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

20.4 Jöfnun námskostnaðar

Áhersla er lögð á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 692/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarluti 2021

Tímaáætlun

Framkvæmt 2021

Reglugerð um námsstyrki. Gerð úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoðað hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003 skoðuð.

2019-2021

● Verkefnisáætlun liggur fyrir.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála

Málefnasvið 22

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2021, á málefnasviðinu.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta				Samt.
22.1 Leikskóla- og grunnskólastig	1	3	4		8

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Í fjárlögum ársins 2021 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflokk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að skapa umhverfi fyrir eflingu leikskóla- og grunnskólastigs, leggja grunn að þátttöku leik- og grunnskólanemenda í lýðræðissamfélagi og veita þeim viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám.

Markmið 1: Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2021
Hlutfall nemenda sem nær viðmiði 1 í lesfimi en það tilgreinir hvað eðlilegt þykir að 90% nemenda ættu að lágmarki að ná að lesa mörg rétt orð við lok skólaárs.	<i>4. bekkur:</i> 81% <i>7. bekkur:</i> 68,2% <i>10. bekkur:</i> 69,8%	<i>4. bekkur:</i> 85% <i>7. bekkur:</i> 75% <i>10. bekkur:</i> 75%*	<i>4. bekkur:</i> 82,6% <i>7. bekkur:</i> 68,4% <i>10. bekkur:</i> 69,9%
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda, greint eftir kynjum sem nær 2. stigi eða hærra.	<i>Allir:</i> 73,6% <i>Drengir:</i> 65,6% <i>Stúlkur:</i> 81,3% Tölur 2018	<i>Allir:</i> 83% <i>Drengir:</i> 75% <i>Stúlkur:</i> 90%	Nýjustu tölur eru frá 2018. Næstu tölur væntanlegar 2023.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2021
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra.	48,8% Tölur 2018	Meðaltali OECD (77,3%) náð.	Nýjustu tölur eru frá 2018. Næstu tölur væntanlegar 2023.

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Læsi. Ljúka við þróun Lesferils og stofna fagråd í íslensku. Áhersla á snemmtækan stuðning í leikskóla og aukinn stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku með innleiðingu samræmnds móðurmálsvísis.	2019-2023	<p>● Áframhaldandi þróun Lesferils, m.a. þróun lesskilningsprófa fyrir unglíngastig grunnskóla og ritunar- og stafsetningarprófa. Einnig var unnið að endurskoðun lesfímiviðmiða Lesferilsins.</p> <p>Fagråd í íslensku var stofnað á árinu með skilgreint hlutverk til að stuðla að eflingu íslensku og aukinnar samfellu þvert á skólastig.</p> <p>Snemmtækur stuðningur m.a. með ráðgjöf til starfsfólks leikskóla með áherslu á málþroska og læsi.</p> <p>Unnið var að útgáfu stuðningsefnis fyrir íslenskunám leikskólubarna með áherslu á íslenskunám barna með annað móðurmál en íslensku. Aðgengi leikskóla að námsefni Menntamálastofnunar tengt læsi og málörvun var aukið.</p>
Starfsþróun kennara. Vefnámskeið að sænskri fyrirmynd með áherslu á læsi, stærðfræði og náttúrufræði og eftirfylgni með innleiðingu tillagna samstarfsráðs kennara og skólástjórnenda.	2021-2022	● Unnið var að undirbúningi og hönnun starfsþróunarnámskeiða þvert á skólastig og hófust fyrstu námskeiðin haustið 2021 undir heitinu Menntaflétta.
Breyting á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Aukið verður við viðmiðunartíma til íslensku-kennslu á yngsta og miðstigi og viðmiðunartíma til náttúrufræðikennslu á unglíngastigi.	2021	● Niðurstöður samráðs við hagsmunaaðila voru birtar á samráðsgátt.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2021	Árangur 2021
PISA-rannsókn í stærðfræði og náttúrufræði; hlutfall nemenda sem nær 2. stigi eða hærra.	<p>Stærðfræði: Allir: 79,3% Drengir: 76,6% Stúlkur: 82% Tölur 2018</p> <p>Náttúrufræði: Allir: 75% Drengir: 72,2% Stúlkur: 77,8%</p>	<p>Stærðfræði: Allir: 79,2% Drengir: 78,4% Stúlkur: 80%</p> <p>Náttúrufræði: Allir: 78,2% Drengir: 75,8% Stúlkur: 77,9%</p>	<p>Stærðfræði: Nýjustu tölur eru frá 2018. Næstu tölur væntanlegar 2023.</p> <p>Náttúrufræði: Nýjustu tölur eru frá 2018. Næstu tölur væntanlegar 2023.</p>
PISA-rannsókn í stærðfræði og náttúrufræði, hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra.	<p>Stærðfræði: 62,3% Náttúrufræði: 52% Tölur 2018</p>	Meðaltali OECD (63,5% í stærðfræði og 65,7% í náttúrufræði) náð.	Nýjustu tölur eru frá 2018. Næstu tölur væntanlegar 2023.

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Stærðfræði og náttúrufræði. Efling þessara námssviða með víðtækum aðgerðum, s.s. stofnun fagráða, starfsþróun og námsgögnum, og fjölgun kennara með þessa sérhæfingu.	2019-2024	<ul style="list-style-type: none"> Fagráð hafa verið stofnuð með skilgreint hlutverk um eflingu náttúrugreina og aukinnar samfellu þvert á skólastig. Mötuð hafa verið starfsþróunarnámskeið m.a. með áherslu á stærðfræði og náttúrugreinar. Gefið var út nýtt efni í stærðfræði, bæði prentuð útgáfa og rafbók auk kennsluleiðbeininga. Mikið af efni í náttúrugreinum kom út á árinu, rafbækur, verkefnavefir og kennsluleiðbeiningar auk heildstæðrar útgáfu kjarnaefnis fyrir miðstig grunnskóla. Áfram var unnið að nýliðunarverkefni stjórnvalda með það að markmiði að fjölga kennurum á öllum skólastigum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.

Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Árangur 2021
Meðaltal viðmiða (ákvarða 1–4) metinna grunnskóla í ytra mati Menntamálastofnunar.	<i>Stjórnun og fagleg forysta: 3,2</i> <i>Nám og kennsla: 2,9</i> <i>Innra mat: 2,5</i>	<i>Stjórnun og fagleg forysta: 3,4</i> <i>Nám og kennsla: 3,1</i> <i>Innra mat: 2,7</i>	<i>Stjórnun og fagleg forysta: 3,0</i> <i>Nám og kennsla: 2,8</i> <i>Innra mat: 2,7</i>
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur hafa aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.	70%	80%	70%
Hlutfall kennara í leik og grunnskólum með leyfisbréf til kennslu.	28% í leikskóla og 87,6% í Grunnskóla. Tölur 2018	33% í leikskóla 94% í grunnskóla	31% í leikskóla 84% í grunnskóla <i>Karlar: 13,9%</i> <i>Konur: 70,1%</i> Tölur 2020

Aðgerðarhluti 2021**Tímaáætlun****Framkvæmt 2021****Áætlun um menntaumbætur.**

2020-2030

- **A.** Skólaþróunarteymi ráðuneytisins hefur verið komið á.
- B.** Stofnaður hefur verið Menntarannsóknarsjóður og fór fyrsta úthlutun fram á árinu 2021.
- C.** Tilraunaverkefni er lokið sem og kynningu á niðurstöðum þess. Einnig var birt, þýtt og staðfært sjálfsmatstæki Evrópumíðstöðvar fyrir stefnu-mótun fjárveitinga.
- D.** Niðurstöðum könnunar á þjónustu náms- og starfsráðgjafa hefur verið fylgt eftir, auk þess er lögð áhersla á eflingu þjónustunnar í mennta-stefnu 2030.

- A. Skólaþróunarteymi.** Komið verði á fót teymi sérfræðinga sem vinni að samhæfingu og menntaumbótum stjórnvalda.
- B. Menntarannsóknir.** Stofnaður verði menntarannsóknarsjóður þar sem áhersla verður á hagnýtar rannsóknir á skóla- og frístundastarfi (sjá málaflokk 21.1).
- C. Menntun fyrir alla.** Tilraunaverkefni um rýni og endurskoðun á fjármögnun grunnskólustarfs. Endurskoðun á skólaþjónustu sveitarfélaga um lágmarkspjónustu, m.a. í tengslum við samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna og ungmenna.
- D. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.** Fylgja eftir niðurstöðum könnunar á umfangi þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum og samkomu-lagi ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins um eflingu tækni- og starfsmenntunar.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
<p>E. Stöðumat. Dreifing til skóla á stöðumati fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem metur námslega stöðu þeirra við komu til landsins.</p> <p>F. Ytra mat. Samhæfing og efling ytra mats skóla og frístundastarfs og eftirfylgni með ytra mati.</p> <p>G. Endurskoðun á aðalnámskrám leik- og grunnskóla.</p>	2020-2030	<p>● E. Stöðumatið gert aðgengilegt skólum á vef Menntamálastofnunar.</p> <p>F. Samstarfshópur ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnunar var settur upp til að skoða leiðir til að efla og samhæfa ytra mat skóla. Unnin var greining á núverandi fyrirkomulagi. Verkefnið stendur enn yfir.</p> <p>G. Lokið var við endurskoðun á afmörkuðum þáttum beggja aðalnámskráa, m.a. hvað varðar nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þá var einnig unnið að tillögum að breytingum á undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla. Áframhaldandi endurskoðun á aðalnámskráum 2022-2024 átti sér stað.</p>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 4: Auka gæði námsgagna.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2021	Árangur 2021
Framboð titla á táknmáli.	8	11	14
Hlutfall námsgagna sem er í samræmi við aðalnámskrá, þ.m.t. rafræn námsgögn.	45%	65%	65%

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Námstögn. Fjölga námstöögnum sem gefin eru út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013	2018-	<ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar og gátlista fyrir námsefnis-höfunda skal allt námsefni vera í samræmi við gildandi aðalnámskrá. Talsverð gróska var í útgáfu á árinu eða alls um 30 titlar og um 10 kennsluleiðbeiningar. Á Fræðslugátt stofnunarinnar er að finna námsefni og bjargir sem nýtast til stuðnings við heimanám. Í kynningarskrá Menntamálastofnunar er að finna yfirlit yfir námsefni sem til er hjá Menntamálastofnun, bæði gamalt og nýtt.
Námstögn. Fjölga námstöögnum sem gefin eru út til að mæta þörfum nemenda sem nota táknmál.	2018-	<ul style="list-style-type: none"> Unnið hefur verið að endurhönnun á því kerfi sem táknmálsnámsefnið er í. Áætluð verklok eru í sumar og þá verður það námsefni sem til er hjá stofnuninni sett inn til notkunar fyrir skóla.

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Fjölskyldumál Málefнасvið 29

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2021, á málefnasviðinu.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	 	4

29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Í fjárlögum ársins 2021 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 29.4. Annar stuðningur við fjölskyldur og börn. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að skapa umhverfi til að styðja við stöðu og málefni barna, tryggja yfirsýn yfir stöðu barna í íslensku samfélagi og geta um leið veitt viðeigandi þjónustu hverju sinni.

Markmið 1: Aukin snemmtæk íhlutun í málefnum barna.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2020	Árangur 2021
Fækkun nýrra barnaverndarmála á ári.	2.992	3.336	Tölur liggja ekki fyrir.
Fjöldgun fjölskyldna sem fá PMTO-foreldrafærniþjálfun.	360 fjölskyldur barna með PTMO-þjálfun (2018).	392 fjölskyldur	Tölur liggja ekki fyrir.

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Sambætting þjónustu. Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	2021	● Ný lög nr. 86/2021 um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru samþykkt á Alþingi í júní 2021.
Barnavernd og félagsþjónusta. Unnið að endurskoðun á barnaverndarlögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem og eftir atvikum annarri löggjöf og regluverki með áherslu á snemmtæka íhlutun, samstarf kerfa og lækkun þjónustuþröskulda í málefnum barna og fjölskyldna.	2021-2023	● Fyrri hluti endurskoðunar á barnaverndarlögum var samþykktur á Alþingi í júní 2021 með lögum nr. 197/2021. Áfram var unnið að breytingum á seinni hluta endurskoðunar á barnaverndarlögum sem og breytingum á annarri löggjöf sem þörf er á að breyta í kjölfar samþykktar laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
Mælaborð. Unnið að þróun og innleiðingu mælaborðs sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna og innleiðingu á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	2019-2022	● Unnið hefur verið að uppsetningu mælaborðsins í samstarfi við Stýrihóp Stjórnarráðsins um þróun mælaborðs um farsæld barna. Drög mælaborðsins eru sem stendur í kynningar- og samþykktarferli og er stefnt að birtingu þess haustið 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Styrkja stöðu barna í íslensku samfélagi.

Mælikvarðar	Staða 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi sveitarfélaga sem hafa hafið innleiðingu á barnvænu samfélagi.	11	21	16
Fjöldi sveitarfélaga með viðurkenningu UNICEF sem barnvæn sveitarfélög.	1	2	2
Greiningar umboðsmanns barna á stöðu á viðkvæmum hópum í íslensku samfélagi með sérstakri áherslu á að fá fram sjónarmið barnanna sjálfra.	2	4	4

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
<p>Unnið að innleiðingu barnvænna sveitarfélaga og verklags og ferla sem tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnsýslunnar, auknu samstarfi milli opinberra aðila með velferð barna að leiðarljósi, tryggju markvissu verklagi við hagsmunamat út frá réttindum og velferð barna auk heildstæðrar framkvæmdar réttinda barna.</p>	2020-2024	<p>● Í júní 2021 var samþykkt þingsályktun um Barnvænt Ísland, framkvæmd Barnasáttmála SP á Íslandi. Með henni var sett fram stefna og aðgerðaáætlun um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá íslenskum stjórnvöldum. Við mótun stefnunnar var m.a. byggt á tilmælum Barnaréttarnefndar SP til íslenskra stjórnvalda, almennum athugasemdum nefndarinnar um innleiðingu sáttmálans og víðtæku samráði. Aðgerðirnar varða alla aðila er fara með stefnumótun, framkvæmdaaðila þjónustu og þá sem taka ákvarðanir sem varða börn, hvort sem er innan ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga. Gildistími stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar er fram til 2024 og eru allar aðgerðir fjármagnaðar og tímasettar á því tímabili. Fjöldi aðgerða er þegar komin í framkvæmd í ríku samstarfi við önnur ráðuneyti, opinbera aðila, félagasamtök og börn á Íslandi.</p>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Kominn vel á veg ● Lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða 2021

Varasjóðir málaflokka eru hugsaðir til þess að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarvanda á einstökum liðum innan viðkomandi málaflokks. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af heildarfjárheimildum. Ráðuneytið var á árinu 2021 með fjóra varasjóði og fylgjandi er yfirlit yfir stöðu þeirra í árslok. Til ráðstöfunar voru alls 458,6 m.kr. Á árinu voru nýttar 268,7 m.kr. Þannig að ársloka-staða varasjóða var 189,9 m.kr.

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2021

18.4 Íþróttá- og æskulýðsmál	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	11,9
Framlag í varasjóð	0,1
Staða varasjóðs í lok árs	12,0
20.1 Framhaldsskólar	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	38,9
Framlag í varasjóð	49,8
Tilfærsla fjármagns í varasjóð	209,3
Menntaskólinn á Ísafirði - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-35,0
Flensborgarskóli - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-40,0
Fjölbautaskóli Suðurlands - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-50,0
Staða varasjóðs í lok árs	173,0
22.3 Stjórnýsla mennta- og menningarmála	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	23,1
Framlag í varasjóð	2,0
Menntamálastofnun - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-20,2
Staða varasjóðs í lok árs	4,9
29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	95,1
Framlag í varasjóð	28,4
Breytingar á reglugerð um endurgreiðslur vegna gleraugna barna	-25,0
Aukin útgjöld vegna öryggisvistunar 2021	-98,5
Staða varasjóðs í lok árs	0,0

Fjárhæðir í milljónum króna

